



BORGARRÁÐ 14. janúar 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbótarniðurgreiðslu til foreldra og forráðamanna vegna þjónustu dagforeldra - R21010174

Bréf: Tillaga

Málsnúmer: SFS2021010118

Bréfalyklar: 5.0 Dagforeldrar - almennt

Eigandi skjals: Ásdís Baldursdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 01/20/2021

Dagsetning skjals: 01/19/2021

Upplýsingar um viðskiptavin :

Netfang: Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is

Skjalalykill	5.0 Dagforeldrar - almennt	Málsnúmer	SFS2021010118
Móttökudags.	01/19/2021	Skráð í GoPro	20.01.2021

Viðtakandi		Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður		Nafn
		Kennitala:
Tegund skjals	Tillaga	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		
Eldri skjalalykill		
		Er flokkað eftir eldri ☐ Já ☒ Nei
		skjalalykli í skjalasafni.

Sent:

Sent til:

Notandi: Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is

Dagsetning: 19.1.2021 18:51:34

Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 14. janúar 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbótarniðurgreiðslu til foreldra og forráðamanna vegna þjónustu dagforeldra - R21010174

Tilvísun í mál: R21010174

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dags. 14. janúar 2021, um viðbótarniðurgreiðslu til foreldra og forráðamanna vegna þjónustu dagforeldra er send skóla- og frístundaráði til meðferðar. Í samræmi við breytt verklag við fundi borgarráðs er tillagan nú á forræði skóla- og frístundaráðs og leggja skal hana fram á þeim vettvangi til afgreiðslu. Ekki þarf að upplýsa borgarráð um frekari vinnslu málsins.

Kveðja,

Ívar Vincent Smárason
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703

Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is

BORGARRÁÐ 14. janúar 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbótarniðurgreiðslu til foreldra og forráðamanna vegna þjónustu dagforeldra - R21010174

BORGARRÁÐ 14. janúar 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbótarniðurgreiðslu til foreldra og forráðamanna vegna þjónustu dagforeldra - R21010174

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skoðað verði að gera breytingar á niðurgreiðslum vegna þjónustu við dagforeldra. Í nágrannasveitarfélögum er fyrirkomulagið í þessum efnum bæði betra og sanngjarnara, þá helst gagnvart einstæðum foreldrum, láglaunafólki og þeim sem mælast undir viðmiði velferðarráðuneytis, einstæðir eður ei. Lagt er til að foreldrar eða forráðamenn barna geti sótt um viðbótarniðurgreiðslu af almennu vistunargjaldi í samræmi við tekjuviðmið sem Reykjavík setur. Niðurgreiðslur gætu annars vegar verið 20% af almennu gjaldi og hins vegar 40%. Í tillögunni felst að til að öðlast rétt til viðbótarniðurgreiðslu sé horft til tekna foreldra, bæði einstaklinga og foreldra í sambúð, sem grundvallast á staðfestu staðgreiðslufirliti frá Ríkisskattstjóra síðustu þriggja mánaða. Tekjuviðmið eru reiknuð út frá launavísitölu. Einnig er lagt til að foreldrar með fleiri en eitt barn á sínu framfæri geti sótt um undanþágu frá tekjuviðmiðum ef ráðstöfunartekjur eru rétt fyrir ofan tekjumörk og félagslegar aðstæður viðkomandi eru þannig að rétt sé að meta þörf fyrir undanþágu. Þá skal horfa til fjölda barna í fjölskyldu og greiðslubyrði forsjáradila vegna þessa. Niðurgreiðslukerfi vegna þjónustu dagforeldra hjá Reykjavíkurborg er lakara en hjá öðrum sveitarfélögum og er tímabært að skoða það með ofangreinda þætti í huga.